



Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909
Netfang: hsk@hsk.is - Veffang: www.hsk.is

Selfossi 31. janúar 2022

Flóahreppur

Sem kunnugt er stóð til að halda 99. héraðsþing HSK í Þingborg á síðasta ári og var sveitarfélagið búið að samþykkja að bjóða þingfulltrúum í mat sem við þökkum fyrir. Vegna heimsfaraldurs varð að fresta þinginu og svo fór að það var haldið sem fjarþing á teams.

Á stjórnarfundum hjá HSK í síðustu viku var rætt um þinghald í ár, en vonast er til að hægt verði að halda 100. héraðsþingið með hefðbundnum hætti í ár. Samþykkt var að leita að nýju til Flóahrepps.

Með bréfi þessu er óskað eftir að 100. héraðsþing HSK verði haldið í Þingborg fimmtudaginn 31. mars 2022. Þessi tímasetning er með fyrirvara um að hægt verði að halda þingið vegna COVID-19.

Hér að neðan eru tvö atriði sem stjórn HSK óskar eftir að sveitarfélagið komi að vegna þingsins, ef af verður.

1. Fyrst er það húsnæðið, en það er venja að heimaaðilar sjá um að fá húsnæði fyrir þinghaldið endurgjaldslaust.
2. Óskað er eftir því að sveitarfélagið bjóði um 120 þingfulltrúum í mat á þinginu. Sveitarfélögin hafa fengið aðila til að sjá um matinn, í samstarfi og samráði við heimafélögin, sem munu væntanlega koma að undirbúningi þinghaldsins með HSK.

Ef eitthvað er óljóst varðandi ofanritað, veitir undirritaður nánari upplýsingar í síma 899 6514.

Kærar kveðjur,
f.h. stjórnar HSK,

framkv.stj. HSK.